Fuglaverndarfélag Íslands
Hverfisgötu 105
101 Reykjavík

Dagsetning 8.10.2026
Málsnúmer URN26090140

Erindi Fuglaverndar vegna veiða á bjargdúfum í Vestmannaeyjum

1. Hvert er hið meinta tjón og var það metið með fullnægjandi hætti áður en farið var í þessar aðgerðir?
Ráðuneytið óskaði eftir upplýsingum frá Vestmannaeyjabæ um meint tjón í kjölfar þess að bærinn óskaði eftir undanþágu til veiða á dúfum. Sveitarfélagið sendi gögn frá tjaldsvæði Vestmannaeyjabæjar, Golfklúbbi Vestmannaeyja, íbúa, og Þjóðhátíðarnefnd og ÍBV. Gögnin sýndu tjón vegna óþrifnaðar, þrifa og viðhalds auk skemmda eða mengunar á mannvirkjum og svæðum og eru þau meðfylgjandi. Í lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er tjón skilgreint sem fjárhagslegt tjón sem einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir verða fyrir, heilsufarslegt tjón fólks eða búfénaðar og tjón á náttúru landsins. Ráðuneytið mat sem svo að gögnin sem bárust sýndu fram á fjárhagslegt tjón og jafnvel hættu á heilsufarslegu tjóni vegna mengunar.

2. Hvert er markmið aðgerðanna m.t.t. tjóns, þ.e. hversu mikið tjón er talið ásættanlegt? Var notaður ákveðinn mælikvarði svo hægt sé að meta árangur aðgerðanna?
Markmið aðgerðanna er að fækka dúfum vegna þess tjóns sem sveitarfélagið lagði fram gögn um. Ekki var í upphafi ákveðinn tölulegur mælikvarði á ásættanlegt umfang tjóns eða fyrirfram skilgreind sú fækkun dúfna sem aðgerðirnar skyldu ná fram. Undanþágan var þess í stað bundin því skilyrði að veiðarnar yrðu skýrt afmarkaðar að því er varðar tímabil, umfang og staðsetningu í samráði við Náttúruverndarstofnun. Í þessu sambandi er einnig rétt að nefna að Náttúrufræðistofnun lagðist ekki gegn slíkum takmörkuðum og mannúðlegum veiðum í eitt skipti, á skilgreindum svæðum og utan varptíma. Svar ráðuneytisins til bæjarins er meðfylgjandi sem og leiðbeiningar Náttúruverndarstofnunar.

3. Var reynt til fullnustu að beita öðrum aðgerðum sem ekki fela í sér dráp á fuglum? Ef svo er, hvaða aðferðum var beitt og hvernig var árangur þeirra metinn?
Sveitarfélagið hafði áður reynt aðrar mótvægisaðgerðir og fylgt leiðbeiningum Náttúrufræðistofnunar þar um. Þær aðgerðir fólu í sér að settar voru upp fuglafælur í formi svífandi fálka (flugdreka) á umræddum svæðum til að draga úr viðveru fuglanna. Samkvæmt upplýsingum sveitarfélagsins höfðu þær aðgerðir takmörkuð áhrif, dúfurnar fluttu sig aðeins um fáa metra og sneru aftur að svæðinu innan skamms. Ráðuneytið tók þetta einnig sérstaklega upp í leyfisbréfinu og beindi því til sveitarfélagsins að vinna jafnframt skipulega að því að koma í veg fyrir að dúfurnar væru fóðraðar eða kæmust í æti.

4. Hvert er langtímamarkmið aðgerðanna?
Undanþágan var ekki hugsuð sem langtímaheimild til reglubundinna veiða. Náttúruverndarstofnun tók í leiðbeiningum sínum fram að hún liti á aðgerðina sem einskiptisaðgerð til að bregðast við tilteknu vandamáli en ekki sem leyfi til dúfnaveiða til

margra ára. Langtímamarkmiðið var því ekki að viðhalda ákveðinni stofnstærð með reglubundnum veiðum heldur að draga úr því tjóni sem sveitarfélagið hafði lýst.

Í leiðbeiningum Náttúruverndarstofnunar til sveitarfélagsins var óskað eftir því að fyrir hverja veiðiferð yrðu að lágmarki skráðar eftirfarandi upplýsingar:
• Dagsetning og tímasetning.
• Veiðistaður.
• Fjöldi veiðimanna.
• Fjöldi felldra bjargdúfa.
• Fjöldi særðra fugla, ef við á.
• Mat á aldri dúfna (ungfugl/fullorðinn), ef unnt er.
• Athugasemdir um umhverfisaðstæður, þar á meðal veður, vindátt og hugsanlega truflun á öðrum fuglum.
• Önnur atriði sem skipta máli við mat á framkvæmd aðgerðanna.

Að loknu verkefni skyldi sveitarfélagið skila samantektarskýrslu til Náttúruverndarstofnunar þar sem gerð væri grein fyrir framkvæmd aðgerðanna og niðurstöðum þeirra.

a. Er markmiðið að ná fram ákveðinni stofnstærð bjargdúfna í Vestmannaeyjum? Ef svo er, hver er hún?
Í umsögn sinni bendir Náttúrufræðistofnun á að ekki er til staðar gott mat á stofnstærð villtra dúfna á Íslandi og erfitt að veita ráðgjöf um hversu mikla veiði stofninn gæti þolað.

b. Hvert er samband svæðisbundinnar stofnstærðar bjargdúfna og umfangs tjónsins?
Ekki liggur fyrir vísindalegt eða tölulegt mat á sambandi stofnstærðar bjargdúfna í Vestmannaeyjum og umfangs þess tjóns sem vísað er til. Þar sem áreiðanlegar upplýsingar um svæðisbundna stofnstærð liggja ekki fyrir var ekki unnt að skilgreina slíkt samband við leyfisveitinguna.

c. Hvenær á að ljúka aðgerðum? Hvenær telst búið að fækka fuglum nægilega mikið?
Í ákvörðun ráðuneytisins var ekki tilgreind ákveðin lokadagsetning eða fyrirfram ákveðinn fjöldi fugla sem mætti fella. Leyfið var hins vegar bundið því skilyrði að veiðarnar yrðu skýrt afmarkaðar að því er varðar tímabil, umfang og staðsetningu samkvæmt leiðbeiningum Náttúruverndarstofnunar. Stofnunin tók jafnframt fram að um væri að ræða einskiptisaðgerð en ekki heimild til veiða til margra ára

Framkvæmd aðgerðanna og áframhald málsins
Eftir að undanþágan var veitt hafa ráðuneytinu og Náttúruverndarstofnun borist upplýsingar og ábendingar um framkvæmd veiðanna. Ráðuneytið óskaði í kjölfarið eftir upplýsingum frá Náttúruverndarstofnun um hvort farið hefði verið eftir þeim leiðbeiningum sem voru skilyrði undanþágunnar og um árangur aðgerðanna.

Náttúruverndarstofnun hefur upplýst ráðuneytið um að veiðar hafi farið fram þrjá daga og að alls hafi 94 bjargdúfur verið felldar. Stofnunin telur að í tilteknum atriðum hafi ekki verið fylgt leiðbeiningum hennar, m.a. varðandi tímasetningu veiða og frágang eftir aðgerðir. Þá telur stofnunin að ekki verði séð að aðgerðirnar hafi haft þann árangur að draga

merkjanlega úr hópamyndun dúfna á þeim svæðum sem um ræðir. Ráðuneytið hefur því tekið áframhald undanþágunnar til skoðunar og óskað eftir sjónarmiðum Vestmannaeyjabæjar áður en ákvörðun verður tekin um framhald hennar. Jafnframt hefur ráðuneytið farið fram á að ekki verði ráðist í frekari veiðiaðgerðir meðan sú skoðun stendur yfir.

Fyrir hönd ráðherra,

Steinar Kaldal